



Fréttatilkynning  
15 October 2024 08:08:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki semur um viðskiptavakt með sértryggð skuldabréf

Íslandsbanki hf. hefur undirritað samninga við Arion banka hf., Kvikú hf. og Landsbankann um viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Íslandsbanka og skráð á Nasdaq Iceland.

Tilgangur samninganna er að efla viðskipti með þau skuldabréf sem samningarnir taka til í því skyni að eðlilegt markaðsverð skapist á skuldabréfunum og verðmyndun verði með skilvirkum og gagnsæjum hætti.

Viðskiptavakar munu daglega setja fram kaup- og sölutilboð í skuldabréfin. Lágmarksfjárhæð miðast við útistandandi nafnverð í hverjum flokki í samræmi við töflu:

Stærð flokks (ma. kr.)	Lágmarkstilboð (m.kr.)	
	Óverðtryggðir flokkar	Verðtryggðir flokkar
0 - 3	0	0
3 - 5	20	20
5 - 10	60	40
Yfir 10	80	40

Skyldur einstakra viðskiptavaka falla niður á tilteknum viðskiptadegi ef viðskiptavaki hefur átt viðskipti (tilgreind "AUTO") með sértryggð skuldabréf fyrir 500 m. kr. að nafnverði samanlagt í þeim flokkum sem samningurinn nær til.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða fer eftir árafjölda til lokagjalddaga á hverjum tíma sbr. neðangreinda töflu:



Fréttatilkynning  
15 October 2024 08:08:00 GMT

Árafjöldi til lokagjalddaga	Hámarksmunur óverðtryggðra skuldabréfa	Hámarksmunur verðtryggðra skuldabréf
0 - 6 mánuðir	Ekki skilgreindur hámarksmunur	Ekki skilgreindur hámarksmunur
6 mánuðir - 2 ár	0,20%	Ekki skilgreindur hámarksmunur
2 - 4 ár	0,30%	0,30%
4 - 6 ár	0,35%	0,35%
6 - 9 ár	0,60%	0,60%
9 - 12 ár	0,70%	0,70%
12 - 18 ár	1,00%	1,00%
18 ár eða lengra	1,15%	1,15%

Flokkar gefnir út á fljótandi vaxtagrunni, með REIBOR eða aðra sambærilega vexti sem birtir eru opinberlega sem vaxtagrunnur, hafa 0,2% hámarksverðbil á kaup- og sölutilboðum.

Íslandsbanki greiðir viðskiptavökum þóknun og mun veita viðskiptavökum aðgang að verðbréfalánnum. Hámarkslán í hverjum flokki sértryggðra skuldabréfa er 320 m.kr. að nafnverði.

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

**Viðhengi**

[Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki semur um viðskiptavakt með sértryggð skuldabréf](#)